

Verkefni Heilsubærinn Hafnarfjörður
Efni fundar Dagskrá safnað saman á Workplace

Dags. fundar: 20.01.2020	Tími: 12:15	Nr. fundar:
Fundarboðari: Geir	Fundarritari: Sunna	Staður: Lónið

Fundarmenn**Mættir:**

Eva Michelsen frá St.Jó
 Geir Bjarnason
 Árdís Ármannsdóttir
 Hrund Apríl Guðmundsdóttir
 Sunna Magnúsdóttir
 Inga Friða Tryggvadóttir
 Sjöfn Guðmundsdóttir

Fjarverandi:

Hulda Sólveig Jóhannsdóttir
 Gunnþóra Guðmundsdóttir

Gestur:

Stella Björg Kristinsdóttir, nýr fagstjóri frístundastarfs.

Nr	Fundarefni	Fundarpunktur	Áb.	Staða
1	SÍBS mælingar	Fjörður hefur áhuga á að hafa mælingarnar aftur hjá sér og sömuleiðis félag eldri borgara í Hraunseli. Eva hjá St.Jó hefur einnig áhuga á að fá þá til sín í húsið. Geir talar við Heilsugæsluna, Árdís talar við SÍBS, Sunna talar við Fjörð og Evu varðandi St.Jó. Stefnum á 14.mars/21.mars.	Árdís	Að byrja
2	Slow art í Hafnarborg	Þann 4. apríl er alþjóðlegur Slow Art dagur og Hafnarborg óskar eftir stuðningi HH vegna þessa en í fjárhagsáætlun okkar er gert ráð samtals fyrir 200.000 í samstarfsverkefni með þeim. Stefnt er að því að halda viðburð þar sem unnið er með hugmyndafræðina að njóta lista hægt. https://www.slowartday.com/ Tillaga um að leggja 100.000 kr í þetta, ýta á að lógó heilsubæjarins sjáist og umfjöllun verði um viðburðinn á heilsuefandi nótum.	Geir/forst m.	
3	Vorfræðsla í Bæjarbíó	Umhverfisáhrif sem geðvernd. Útivera og útivist gæti verið rauði þráðurinn. Ævintýri og upplifun í Hafnarfirði. Hrund talar við konuna sem gæti mögulega tekið verkefnastýringuna á sig.	Hrund	Í vinnslu
4	Samstarf við skóla Hafnarfjarðar	Það er óskað eftir meira samráði og upplýsingaflæði frá okkur. Tillaga um að finna stað og stund og halda upplýsinga- og samráðsfund og bjóða fulltrúum allra heilsubæjarskólanna okkar auk þeirra skóla sem hafa áhuga.	Geir/Sunna/Hrund	
5	Ársskýrsla 2019	Ársskýrsla 2019 lögð fram. Sunna vinnur í tölum, Árdís þarf að skoða og lesa yfir og síðan tekur Hrund við. Hún verður samþykkt á næsta fundi og fer í kynningu eftir það	Geir	Í vinnslu



6	Samstarf við Landlækni	<p>Fundur þann 29. janúar eftir hádegi. Verið að vinna með gátlista oþh og vantar fulltrúa frá okkur.</p> <p>Verkefnastjórar EL eru að leggja lokahönd á að vinna úr ábendingum vegna gátlista HSAM. Miðvikudaginn 29. janúar kl. 13-16:15 verður sameiginlegur vinnufundur til að yfirfara uppfærða lista áður en þeir verða teknir í notkun. Samhliða vinnu við gátlista hefur vinnusvæði heilsueflandi starfs á netinu verið í þróun með tilliti til þarfa HSAM. Í þeirri vinnu hefur verið lögð áhersla á að veita enn betri upplýsingar um framvindu starfsins m.a. með tilliti til heimsmarkmiðanna. Sýnum ykkur svæðið á fundinum.</p> <p>Samanber meðfylgjandi dagskrá er tiltekinn tími áætlaður fyrir hvern lista. Verkefnastjórar EL fylgja listunum úr hlaði, fara yfir helstu athugasemdir sem hafa komið fram og í framhaldinu verða umræður um hvern og einn lista. Ef eitthvað þarfnast frekari umræðu verður leyst úr því í framhaldinu.</p> <p>Uppfærðir listar verða sendir til ykkar í næstu viku. Vonandi hafið þið sem flest svigrúm til að taka þátt í fundinum allan tímann eða a.m.k. að hluta. Velkomið að senda annan fulltrúa í ykkar stað ef þarf.</p> <p>Hlökkum til að taka á móti ykkur í nýju húsnæði EL í Katrínartúni 2, 6. hæð. Athugið að sækja aðgangskort í almennri afgreiðslu á 1. hæð til að komast upp á hæðina til okkar.</p> <p>Með bestu kveðju, Gígja og öll hin sem að HSAM starfinu koma</p>	Sunna	
7	Hugrún, geðfræðslufélag	Geðfræðsla fyrir alla 9. bekkinga í Hafnarfirði í febrúar líkt og í fyrra. Timaplan og kynning.	Sunna	Að fara í kynningu
8.	Rafrettu- og munntóbaksfræðsla	Jón Ragnar hefur fræðslu sína fyrir 8. bekkinga núna á miðvikudag, 22.janúar og verður að því alla miðvikudaga næstu tvo mánuðina. Unnið er að jákvæðri kynningu á þessu fyrirmyndarverkefni sem við vinnum með Krabbameinsfélagi höfuðborgarsvæðis	Geir og Árdís	Hefst í vikunni
8	Lífshlaupið 2020	Lífshlaupið er heilsu- og hvatningarverkefni Íþrótt- og Ólympíusambands Íslands. Vinnustaðakeppni 5. febrúar – 25. febrúar (3 vikur). https://lifshlaupid.is/keppnir/ - Árdís sendir tilkynningu út og hvetur starfsmenn Hafnarfjarðarbæjar til að taka þátt.	Árdís	
9	Sollueldhús	Beðið svara frá Umhverfis- og skipulagssviði hvort Skarðshlíðarskóli megi kaupa áhöld, tæki og tól í kennslueldhús skólans. Geir sendir ítrekun.	Sunna	
10	Lýðheilsugöngur í sumar	Lýðheilsugöngur í sumar eins og síðustu sumur. Óskað eftir því að nefndarmenn komi með tillögur að skemmtilegum göngum. Óska eftir hugmyndum inná Workplace, Árdís setur inn.	Sunna	í vinnslu

Hugmyndir til að hafa í huga áfram milli funda:

Vatnsfontar í samstarfi við Veitur.

Ice Bike Adventures við Hvaleyravatn.

Merkingar við bæjarmörkin, heilsueflandi logo.